8.kjördæmisþing KFNA haldið á Egilsstöðum 25. og 26.október 2008

Stjórnmálaályktun

F R A M S Ó K N Á Ö R L A G A T Í M U M

Vöxtur, vinna, velferð

Framsóknarflokkurinn mun hér eftir sem hingað til berjast fyrir því að hagsmunir fjölskyldunnar verði ávallt í fyrirrúmi. Að ákvarðanir sem teknar eru af stjórnvöldum á hverjum tíma miði að því að styrkja undirstöður samfélagsins með því að hlúa að þeim sem erfitt eiga, styrkja heimilin og búa vel í haginn fyrir börnin okkar. Framsóknarflokkurinn hefur þá stefnu að heilbrigðisþjónusta og menntun sé fyrir alla óháð efnahag, stöðu og búsetu.

Tekið verði föstum tökum á fyrirsjáanlegum vandamálum atvinnulífs og launafólks og reynt með öllu móti að vinna gegn atvinnuleysi. Afar mikilvægt er að áfram verði stutt við hið félagslega hlutverk Íbúðalánasjóðs og starfsemi hans tryggð.

Kjördæmisþing framsóknarmanna í Norðaustur kjördæmi er að þessu sinni haldið við afar sérstakar aðstæður í íslensku efnahagslífi. Bankakerfi heimsins er nærri því að falla saman og afleiðingarnar á Íslandi eru skelfilegar. Stærstu bankar landsins eru nú í ríkiseigu eftir að hafa keyrt í þrot vegna skorts á lausafé og ljóst er að ríkisvaldið hafði ekki búið sig nægjanlega vel undir það. Gjaldeyrisforðinn var ekki styrktur sem skyldi, þó hafði þingflokkur framsóknarmanna margoft bent á nauðsyn þess.

Kjördæmisþingið styður samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn við þessar aðstæður og telur Ísland ekki eiga annan kost í þeirri viðleitni að endurheimta fyrri stöðu í alþjóðasamfélaginu. Þingið átelur þann seinagang sem verið hefur í viðræðum við sjóðinn og telur að mikil verðmæti hafi farið forgörðum á síðustu vikum vegna þessa. Allt bendir til að átök milli ríkisstjórnarflokkanna og neikvæð afstaða fomanns bankastjórnar Seðlabankans hafi seinkað ferlinu.

Framkoma breskra stjórnvalda gagnvart Íslandi er átalin harðlega og lýst er stuðningi við lögsókn gagnvart þeim.

Þingið telur forgangsmál við þessar aðstæður að koma gjaldeyrisviðskiptum í viðunandi horf. Beitt verði öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir að hjól atvinnulífsins stöðvist. Sérstaklega verði þess gætt að greiðsluflæði til og frá landinu verði með eðlilegu móti.

Tryggja þarf framtíð sparisjóðakerfisins sem gegnir mikilvægu hlutverki í landinu. Efla skal samkeppni í bankakerfinu með áframhaldandi rekstri sparisjóðanna og aðkomu erlendrar bankastarfsemi á Íslandi.

Ástæða er til að benda á þær áherslur sem Framsóknarflokkurinn hefur haft í hávegum í gegnum tíðina. Má í því sambandi sérstaklega nefna afstöðu til gjaldeyrisskapandi atvinnugreina svo sem iðnaðar, sjávarútvegs, landbúnaðar og ferðaþjónustu. Hvatt er til eflingar á íslenskri framleiðslu til gjaldeyris- og atvinnusköpunar. Þingið telur að við núverandi aðstæður sé réttlætanlegt að auka síldar- og þorskkvóta.

Þingið lýsir ánægju með hve góð samfélagsleg áhrif tilkoma álvers Fjarðaáls á Reyðarfirði hefur á byggðirnar á Mið-Austurlandi. Því leggur þingið mikla áherslu á að tafarlaust verði haldið áfram undirbúningi stórframkvæmda á Bakka við Húsavík. Þess er krafist að stjórnvöld vinni einhuga að þessu máli líkt og gert var við uppbygginguna á Austurlandi undir forystu Framsóknarflokksins.

Þrátt fyrir fyrirsjáanlegan samdrátt þjóðartekna, leggur kjördæmisþingið áherslu á að haldið verði áfram framkvæmdum í kjördæminu á grundvelli núgildandi samgönguáætlunar.

Innan Framsóknarflokksins hefur verið unnið mikið nefndarstarf við að skilgreina og skoða stöðu krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum með tilliti til framtíðarlausna. Niðurstaða nefndarinnar er sú að ef leggja á niður íslensku krónuna væri rétt að taka upp alþjóðlegan gjaldmiðil og er evra talin falla best að íslenskum þörfum vegna viðskiptahagsmuna þjóðarinnar.

Í ljósi breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu skal nú þegar hafinn undirbúningur, samningsmarkmið skilgreind og síðan farið í samningaviðræður um inngöngu í Evrópusambandið. Niðurstöður skulu lagðar í þjóðaratkvæði.

Í því starfi sem framundan er skiptir miklu að vandað verði til verka og að sú hugmyndafræði sem Framsóknarflokkurinn hefur ávallt byggt á um öflugt velferðarkerfi á grundvelli þróttmikils atvinnulífs verði höfð að leiðarljósi.

Kjördæmisþingið fagnar því að nú hafa gildi eins og samvinna, samkennd, réttlæti og ráðdeild aftur verið færð til vegs og virðingar.